

Reglur í meðferðum Hjá Heilyndi – Heilyndi.is - Kt. 631023-1180 .

- Meðferðirnar sem eru í boði Hjá Heilyndi hafa margvísleg jákvæð áhrif á heilsu, m.a. slakandi, verkjastillandi, eykur hreyfigetu og blóðflæði. Meðferðaraðilinn er ekki læknir og hefur því ekki heimild til að sjúkdómsgreina fólk. Meðferðirnar geta aldrei komið í staðinn fyrir læknismeðferð en getur verið notuð með læknismeðferð.

Það er mikilvægt að meðferðarþegi upplýsi meðferðaraðila um sjúkdóma eða mein svo hægt sé að taka tillit til þess í meðferðinni. **Meðferðarþegi þiggur meðferðina á eigin ábyrgð.**

Samskipta- og siðareglur í meðferðum

- Flestar meðferðar tegundir Hjá Heilyndi eru framkvæmdar í fötum, mælt er með að mæta í eða með föt sem að ekki þrengja að. Ef um nudd er að ræða er snerting og notaðar eru olíur og krem í meðferðum. Hreinlæti er mikilvægt bæði fyrir nuddarann og nuddþegann og því er mikilvægt að nuddþegi fari í sturtu fyrir nudd. Hreinlæti virkar á báða bóga og skal nuddari vera hreinn og snyrtilegur. Bæði nuddari og nuddþegi getur tekið ákvörðun um að aflýsa nuddi sé persónulegt hreinlæti ekki ásættanlegt.
- Nuddþegi skal sjálfur ákveða hvort hann eða hún sé íklæddur nærfötum. Viðskiptavinir er ávallt pakkað inn og aðeins það svæði sem unnið er með er óhulið.
- Meðferðarþegar 18 ára og yngri skulu koma í fylgd með fullorðnum og verður foreldri eða forráðamaður að gefa samþykki sitt fyrir nuddinu. Viðskiptavinir mega óska eftir að hafa 3ja aðila hjá sér í meðferð, sé þess óskað. Skal sá aðili þá hlíta reglum um hegðun og samskipti.
- Ef meðferðarþegi mætir reglulega í meðferð er hann hvattur til að vinna með meðferðaraðilanum og deila með honum markmiðum með meðferðinni.
- Áfengi/eiturlyf og meðferðir eiga ekki saman. Bæði meðhöndlari og sá sem þyggur meðhöndlun skulu halda sig frá áfengi a.m.k. 12 tímum fyrir meðferð. Ef meðferðarþegi er á bólgueyðandi lyfjum og verkjalyfjum ætti meðferðaraðili að fá upplýsingar um slíkt.
- Hjá Heilyndi er trúnaður við viðskiptavinir er viðhafður, nema ef um er að ræða athafnir og hegðun sem brjóta í bága við lög.

Meðferðarþegar yngri en 18 ára verða að fá samþykki forráðamanns fyrir meðferð hjá okkur og taka verður fram aldur einstaklings í bókun sé hann yngri en 18 ára.

Afbókanir og endurbókanir

Afbókanir í meðferðir skulu vera með minnst 24 klukkustunda fyrirvara, að öðrum kosti er meðferð rukkuð að fullu. Ef meðferðarþegi mætir ekki í bókaðan tíma er hann rukkaður um meðferðina.

Meðferð Hjá Heilyndi skal ávallt hefjast á réttum tíma. Ef meðferðaraðili er seinn fær meðferðarþegi tímann bættan upp eða afslátt af meðferðinni. Ef viðskiptavinur kemur of seint þarf hann að sætta sig við skemmri meðferð á fullu verði ef annað er ekki hægt. Meðferð skal greiða fyrirfram.